



*Alþingi*  
*Erindi nr. P 138/1443*  
*komudagur 29. 3. 2010*

Alþingi - nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Akureyri, 25. mars 2010  
Tilv.: 1002042

### 138. löggjafarþing 2009–2010

#### Umsögn um tillögu til þingsályktunar um vestnorraent tilraunaverkefni á sviði fjarkennslu á háskólastigi Greinargerð

Umsagnaraðili: Háskólinn á Akureyri, kennaradeild,  
Anna Þóra Baldursdóttir deildarformaður kennaradeildar,  
Finnur Friðriksson brautarstjóri kennaranáms,  
Eygló Björnsdóttir lektor og sérfræðingur í upplýsingatækni.

Það er mat kennaradeildar Háskólans á Akureyri að jákvætt sé að stofna til slíks samstarfs sem lýst er í greinargerð með tillögunni.

Í greinargerðinni kemur fram að Háskólinn á Akureyri bjóði upp á fjarnám á fleiri en einu sviði sem tengist kennaramenntun. Af því tilefni vill kennaradeild koma því á framfæri að Háskólinn á Akureyri er frumkvöðull í fjarkennslu á háskólastigi og hefur verið leiðandi á því sviði mörg undanfarin ár í samstarfi við fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar víða um land. Kennaranám hófst við Háskólann á Akureyri árið 1993. Fjarnám við leikskólabraut hófst haustið 1999 og við grunnskólabraut haustið 2003. Það eru því liðlega 20 ár síðan fjarnám hófst við kennaradeild HA. Kennt hefur verið til fjölmargra staða á landinu, allt að 7–9 í senn. Í öllum námskeiðum eru gerðar kröfur um ákveðna tímasókn þar sem um starfsmiðað nám er að ræða og margir námsþættir krefjast því viðveru. Frá haustinu 1994 hefur verið boðið upp á nám til kennsluréttinda fyrir þá sem lokið hafa fagnámi í grein, t.d. bakkalárprófi, BA eða B.Sc. Þá hefur verið boðið upp á meistaranám í menntunarfræðum í 10 ár. Kennsla hefur frá upphafi farið fram með svokölluðu lotufyrirkomulagi þar sem nemendur koma í skólann og dvelja nokkra daga í senn 3–4 sinnum á misseri. Í öllu fjarnámi fer kennsla einnig fram í vefstuddu námsumhverfi.

Í Háskólanum á Akureyri er því fyrir hendi tækniþekking, tækjabúnaður og löng reynsla af að skipuleggja kennslu með fjarnámssniði. Fjarnám er skipulagt með margvíslegum hætti í deildum háskólans. Fyrirkomulag er í sífelldri endurskoðun með tillit til tækninýjunga og þeirrar kennslufræði sem best er talin samkvæmt rannsóknum hverju sinni. Í kennaradeild er fyrir hendi kennslufræðileg þekking og löng reynsla kennara af því að kenna í fjarnámi svo og geta kennarar kennt á erlendum tungumálum. Í kennaradeild er því bæði þekkingu og reynslu að finna, en miðað við núverandi mannafla hafa fáir ef nokkrir kennarar svigrúm til þess að bæta á sig slíku verkefni eins og er innan ramma þess starfs sem þeir gegna.



Öll námskeið í kennaradeild eru kennd á íslensku enda fer þar fram kennsla kennaraefna sem flestir fara til starfa í íslenska skólakerfinu og hefur kennaradeild engin áform um að breyta því fyrirkomulagi. Það verður því alveg sérstakt verkefni að útbúa kennsluefni á erlendu tungumáli og kenna það.

Verkefnið er áhugavert og kennaradeild er tilbúin til þess að miðla þekkingu og reynslu og skoða möguleika á að taka þátt í slíku samstarfi.

Virðingarfyllst, fyrir hönd Háskólans á Akureyri

Stefán B. Sigurðsson, rektor